

Foreldrahandbók

- nokkur góð ráð til að hafa heimavið -



Foreldrar og tónlistarnám

Velkomin í hóp þeirra fjölmörgu landsmanna sem eiga börn í tónlistarskóla!

Eflaust er bakgrunnur ykkar ólíkur. Sum ykkar hafið sjálf verið í tónlistarskóla en önnur ekki. Í þessu litla riti er stiklað á stóru um hvað felst í því að vera í tónlistarskóla og hvert er hlutverk foreldra og heimila til að nemanda líði sem best og náí sem bestum árangri.

Margt fleira gagnlegt sem snertir tónlistarnámið má lesa á heimasíðu skólans (<http://tonlistarskolinn.stykkisholmur.is>). Einnig hvetjum við ykkur til að vera í góðu sambandi við kennara og skólastjóra ef spurningar vakna eða vanda ber að höndum.

Heimavinna og samskipti

Mikilvægt er að nemendur búi við jákvætt viðhorf til tónlistarnámsins, að foreldrar/forráðamenn sýni náminu áhuga og að þeir fylgist með framvindu þess. Gott samband við foreldra er nauðsynlegt þar sem tónlistarnám byggist mikið á góðri heimavinnu. Og reynslan sýnir að þeir nemendur sem fá góða hvatningu heima ná bestum árangri.

Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga:

- Nemendur þurfa að æfa sig á hverjum degi. Gott er að hafa í huga að „æfingin skapar meistarann“ og að betra er að æfa stutta stund í einu á hverjum degi en að æfa lengi og sjaldan.
- Við hljóðfæraleikinn þarf að huga að líkamsstöðu:
 - Sætið þarf að vera í réttri hæð
 - Nótur þurfa að vera í réttri hæð – nótnastatíf rétt stillt
 - Æskilegt er að gítarnemendur hafi stillanlegan fótskemil

Ekki eru skipulögð sérstök foreldraviðtöl en foreldrar eru velkomnir að koma með börnum sínum í tíma. Foreldrar og forráðamenn nemenda fylgi þeim að sjálfsögðu á tónfundi og tónleika.

Hafi nemandi sjóngalla eða eigi við einhver veikindi eða önnur vandamál/erfiðleika að stríða sem áhrif geta haft á nám eða kennslu, er nauðsynlegt að skólastjóri og/eða viðkomandi kennari séu upplýstir um slíkt svo réttilega sé á málum haldið.

Námskröfur og próf

Tónlistarskólinn gerir kröfur um ástundun (tímasókn og heimavinnu), en kröfur um námsárangur miðast við getu og hæfileika hvers og eins.

Nemendur taka stigspróf og/eða áfangapróf eftir því sem náminu miðar, bæði í hljóðfæraleik og tónfræðagreinum. Þessi próf eru tekin þegar viðkomandi kennari telur nemandann tilbúinn til þess. Þeir sem hafa tekið áfangapróf geta fengið fyrir þau einingar sem eru metnar til stúdentsprófs t.d. hjá FSn.

Tónleikar og tónfundir

Gert er ráð fyrir að flestir nemendur komi fram á tónfundum sem kennararnir halda með nemendum sínum tvisvar sinnum á hvorri önn (haust og vor) og blönduðum tónleikum skólans u.þ.b. 2 sinnum á vetri (fyrir jól og svo í skólalok í maí). Að auki taka nemendur skólans þátt í ýmsum viðburðum í samráði við kennara sína og skólann og koma fram við ýmis önnur tækifæri, s.s. guðspjónustur, aðventustundir o.fl.

Þegar nemandi er beðinn að spila við ýmis tækifæri utan skólans, s.s. í afmælum og fjölskylduboðum er æskilegt að viðkomandi kennari sé með í ráðum (sbr. skólareglu nr. 4). Oft hafa komið upp klaufaleg tilvik þar sem reynt hefur verið að láta óskyld hljóðfæri spila saman án þess að það hafi verið undirbúið í skólanum, en það er ekki sama hvernig hljóðfæri eru valin saman. Því er mælt til þess að kennarar fái að aðstoða nemendur við að velja og undirbúa viðfangsefni í þessum tilfellum.

Skólaárið og skólagjöld

Skólaárið skiptist í tvær annir (haust og vor) og greiðast skólagjöld í tvennu lagi eftir því. Þegar nemandi hefur fengið inngöngu í tónlistarskólann er litið svo á að hann ætli að stunda námið til vors. Greiðir hann skólagjöld samkvæmt því þó hann hætti námi fyrr.

Vilji nemendur einhverra hluta vegna breyta námshlutfallinu eða hætta námi eftir haustönn (um áramót) verða þeir að tilkynna skólastjóra það eigi síðar en 15. desember.

Nokkrar skólareglur

1. Nemendum ber að mæta stundvíslega í allar kennslustundir.
2. Forföll / veikindi þarf að tilkynna með eins miklum fyrirvara og unnt er. Þurfi kennari að fella niður tíma ber honum að bæta hann upp nema um veikindi sé að ræða og atvik í skólastarfinu, t.d. tónleika eða próf.
3. Þegar nemendur koma fram á tónleikum er ætlast til að þeir mæti stundvíslega og séu snyrtilegir til fara. Nemendur sýni hver öðrum tillitssemi með því að sitja hljóðir og hlusta.
4. Séu nemendur beðnir um að flytja tónlist opinberlega er nauðsynlegt að það sé með vitund og samþykki viðkomandi kennara, sem fúslega mun aðstoða við undirbúning og val verkefna.
5. Nemendum og kennurum ber að ganga vel og snyrtilega um húsnæði skólans og fara vel með hljóðfæri og önnur verðmæti skólans.
6. Háreysti og læti eru bönnuð á göngum skólans.
7. Sími og önnur tæki trúfli ekki kennslu, æfingar eða tónleika.
8. Reykingar eru ekki leyfðar í húsnæði eða á lóð Tónlistarskóla Stykkishólms.

(Endurskoðað og uppfært 2019)